

31

11. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „2% — tveir af hundraði“ í lok 4. mgr. 4. gr. laganna komi: 3½% — þrjár og hálfur af hundraði. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

32

14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. 1. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. 1. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.

2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. 1. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. 1. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.